



Heiti áfanga: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Áfanganúmer: **ÍSLE3PÆ05 (Þjóðsögur og ævintýri)**

Prep: 3

Fyrir hvaða bekk: 3F og 3N

Aðili sem kynnir áfanga: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Lýsing:

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri eru menningararfur sem varðveittist í munnlegri geymd um aldir. Þessi bókmenntagrein er nátengd fornum trúarháttum og gamalli þjóðmenningu en hefur líka orðið fyrir áhrifum erlendis frá.

Í áfanganum er fjallað um íslenskar þjóðsögur og ævintýri með áherslu á einkenni munnlegrar geymdar og byggingu ævintýra. Farið verður yfir helstu þjóðsagnaflokka og staldrað við vættasögur (álfa, trölla og draugasögur) og tengsl þeirra við þjóðtrú, þjóðmenningu og gamla trúarhætti.

Nemendur lesa sögur og frásagnir, safna munnmælum og vinna ýmis verkefni tengd efninu.

Forkröfur: [ÍSLE2MR051F](#)

Námsmat: Verkefnavinna og próf

Markmið áfangans

Þekkingarmarkmið

Nemandi skal öðlast þekkingu og skilning á eftirfarandi þáttum:

- Helstu einkennum og tegundum munnmælasagna
- Frásagnareiginleikum og byggingu ævintýra
- Inntaki, boðskap og frásagnaðferð þeirra sagna sem til umfjöllunar eru
- Bókmenntafræðihugtökum sem tengjast munnmælasögum

Leiknimarkmið

Nemandi skal öðlast leikni í að:

- Greina á milli helstu flokka þjóðsagna



- Endurflytja sögu og halda boðskap hennar og inntaki
- Lesa sér til gagns og gamans frásagnir og umfjöllun um þær
- Greina lykiltríði og andstæð sjónarmið í mismunandi sögum

Hæfnimarkmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Koma auga á tengsl sagnanna við þekkta trú- og búskaparhætti
- Greina inntak og boðskap sagna með bókmenntafræðilegum aðferðum
- Beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í endursögn og umfjöllun
- Segja sögur á áhrifaríkan hátt þannig að helstu einkenni frásagnarlistarinnar skili sér

Kennslubækur og kennslugögn

- Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir 1995: *Álfar og tröll*. Formáli.
- Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* – valið efni.